



# Persónuverndarstefna Landsbankans

---

Skjal nr. 201806-0817-1 | Samþykkt í júní 2018 | Endurskoðun 2020 | Bankastjóri

# Persónuverndarstefna Landsbankans

Landsbankinn leggur ríka áherslu á að vernda persónuupplýsingar einstaklinga og virða réttindi þeirra. Í stefnu þessari eru veittar upplýsingar um það hvernig bankinn vinnur persónuupplýsingar, í hvaða tilgangi, hversu lengi þær eru varðveittar, miðlun þeirra og hvernig öryggi þeirra er gætt í starfsemi bankans. Öll vinnsla persónuupplýsinga fer fram í samræmi við persónuverndarlög á hverjum tíma.

Stefna þessi tekur aðeins til einstaklinga en ekki lögaðila. Hugtakið „persónuupplýsingar“ nær til allra upplýsinga sem mögulegt er að tengja tilteknum einstaklingi beint eða óbeint, t.d. með tilvísun í auðkenni hans s.s. nafn, kennitölu, notendanafn, lánanúmer, fingrafar o.fl. Stefna þessi nær til fyrrverandi, núverandi og verðandi viðskiptavina bankans, aðila sem eru tengdir viðskiptavini (t.d. fjölskyldumeðlima), ábyrgðarmanna og annarra viðeigandi aðila, s.s. raunverulegs eiganda fjármuna, umboðsmanns viðskiptavinar, prókúruhafa og tengdra aðila viðskiptavinar ef um lögaðila er að ræða. Stefnan nær einnig eftir atvikum til annarra einstaklinga en viðskiptavina, t.d. starfsmanna hjá verktökum bankans og þeirra sem heimsækja starfsstöðvar eða vefsíðu bankans, [www.landsbankinn.is](http://www.landsbankinn.is), eins og nánar er lýst í stefnu þessari.

Frekari fræðslu um vinnslu persónuupplýsinga er að finna í Almennum viðskiptaskilmálum Landsbankans, sérskilmálum sem gilda um einstaka vöru eða þjónustu og á vefsíðubankans.

## I. Hvaða persónuupplýsingar vinnur bankinn?

Algengast er að bankinn taki á móti persónuupplýsingum frá einstaklingi sjálfum. Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga er forsenda þess að bankinn geti veitt fjármálaþjónustu. Upplýsingar sem bankinn vinnur flokkast jafnan sem almennar persónuupplýsingar en í undantekningartilvikum er bankanum nauðsynlegt að vinna viðkvæmar persónuupplýsingar t.d. um þjóðerni og heilsufar. Vinnsla almennra persónuupplýsinga fer einungis fram á grundvelli samþykkis einstaklings, samnings við hann, lagaskyldu, lagaheimildar eða lögmætra hagsmuna bankans, viðskiptavinar eða annars þriðja aðila. Vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga fer einungis fram á grundvelli upplýsts samþykkis einstaklings eða lagaheimildar eða ef uppfyllt eru lagaskilyrði fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga.

### Persónuupplýsingar sem einstaklingur afhendir

Þegar einstaklingur óskar eftir fjármálaþjónustu afhendir hann bankanum með beinum hætti persónuupplýsingar sem sanna deili á honum, s.s. um nafn, kennitölu, heimilisfang og ríkisfang ásamt samskipta- og tengiliðaupplýsingum eins og netfang og símanúmer. Einstaklingur lætur af hendi þær fjárhagsupplýsingar og aðrar upplýsingar sem þörf er á svo unnt sé að afhenda þá vöru eða veita þá þjónustu sem viðskiptasambandið nær til, t.d. upplýsingar til að meta greiðslugetu viðskiptavinar, s.s. yfirlit yfir eigna- og skuldastöðu. Bankinn skráir og varðveitir samskipti einstaklings og bankans í samræmi við lög, stefnu þessa og reglur bankans.

Neiti einstaklingur að afhenda bankanum persónuupplýsingar eða andmælir vinnslu þeirra getur það haft áhrif á það hvort eða hvernig bankinn veiti viðkomandi þjónustu.

Einstaklingur lætur jafnframt af hendi persónuupplýsingar með óbeinum hætti, t.d. um IP-tölu, hvernig hann auðkennir sig og hvenær hann heimsækir vefsíðu bankans eða netbanka þar sem vefkökur eru notaðar og aðgerðaskráning fer fram. Nánari upplýsingar um vefkökur má lesa á vefsíðu bankans. Rafræn vöktun fer fram með eftirlitsmyndavélum á starfsstöðvum bankans og í hraðbönkum. Upplýsingarnar eru varðveittar í þágu rekjanleika, skjalfestingar og öryggis- og gæðamála.

### Persónuupplýsingar sem þriðji aðili afhendir

Bankinn tekur eingöngu við persónuupplýsingum frá þriðja aðila, m.a. fyrirtækjum eða stofnunum sem búa yfir persónuupplýsingum um einstakling, þegar fyrrnefndir aðilar hafa heimild til að afhenda bankanum upplýsingarnar. Dæmi um aðila sem afhenda bankanum upplýsingar um einstakling eru Þjóðskrá Íslands, ríkisskattstjóri, Tollstjóri og Creditinfo-Lánstraust. Bankinn fær upplýsingar um einstakling í þeim tilgangi að tryggja að upplýsingar um hann séu áreiðanlegar og réttar þannig að þær endurspegli rétta fjárhagsstöðu hans. Bankinn aflar einnig persónuupplýsinga sem eru birtar opinberlega enda er vinnsla þeirra almennt heimil, t.d. upplýsingar úr Lögbirtingablaðinu.

## II. Í hvaða tilgangi eru persónuupplýsingar unnar og með hvaða heimild?

Bankanum er nauðsynlegt að vinna persónuupplýsingar í þeim tilgangi að veita einstaklingi fjármálaþjónustu og fjármálaráðgjöf. Persónuupplýsingar eru unnar í skýrum og yfirlýstum tilgangi í samræmi við persónuverndarlög og stefnu þessa og ekki unnar í öðrum og óskyldum tilgangi nema bankinn hafi til þess heimild og einstaklingur hafi verið upplýstur um hinn nýja tilgang.

### Vinnsla sem fer fram vegna framkvæmdar samnings

Þegar einstaklingur stofnar til viðskipta við bankann vinnur bankinn persónuupplýsingar um hann í samræmi við viðhlítandi heimild, t.d. í Almennum viðskiptaskilmálum Landsbankans, sérskilmálum eða sérsamningum um tiltekna þjónustu eða vöru. Bankinn vinnur jafnframt persónuupplýsingar um einstakling eftir stofnun viðskipta til að efna samning þeirra á milli. Óski einstaklingur eftir viðbótarþjónustu hjá bankanum getur það haft í för með sér frekari vinnslu persónuupplýsinga hans hjá bankanum auk þess sem hann kann að þurfa að láta af hendi uppfærðar upplýsingar eftir eðli þeirrar þjónustu sem um ræðir.

Dæmi um vinnslu sem fer fram í þeim tilgangi að stofna til viðskipta og framkvæma efni samnings:

- » Skráning persónuupplýsinga og varðveisla rafrænna skilríkja í tilefni af nýjum viðskiptum, m.a. vegna stofnunar greiðslureiknings og aðgangs að netbanka eða beiðni um útgáfu debet- eða kreditkorts.
- » Gerð lánshæfismats og greiðslumats til að taka ákvörðun um lánafyrirgreiðslu.
- » Greining á stöðu viðskiptavinar með hliðsjón af vöru- og þjónustuframboði bankans í þeim tilgangi að bjóða fjármálaráðgjöf, ráðgjöf um eignastýringu eða aðra þjónustu.
- » Afhending persónuupplýsinga til innlendra eða erlendra samstarfsaðila, t.d. fyrirtækja sem annast greiðslumiðlun eða milligöngu um viðskipti vegna framkvæmdar greiðslu.
- » Móttaka umsókna um viðbótarlífeyrissparnað og greiðslu úr lífeyrissjóði.

### Vinnsla sem fer fram vegna fyrirmæla í lögum, reglum og stjórnvaldsfyrirmælum

Landsbankinn vinnur persónuupplýsingar um einstakling í þeim tilgangi að sinna lögbundnum verkefnum í starfsemi sinni í samræmi við ákvæði laga, reglugerða, dómsúrskurða, stjórnvaldsúrskurða, leiðbeinandi tilmæla á fjármálamarkaði og annarra fyrirmæla stjórnvalda.

Stjórnvöld, m.a. Fjármálaeftirlitið, Seðlabanki Íslands, Embætti héraðssaksóknara og skatta- og tollgæsluyfirvöld, geta óskað eftir tilteknum upplýsingum frá bankanum um einstakling enda sé til þess skýr lagaheimild. Bankanum ber skylda til að verða við slíkum upplýsingabeiðnum og eftir atvikum að veita aðgang að starfsstöðvum og upplýsingakerfum bankans.

Dæmi um vinnslu sem fer fram í þeim tilgangi að fullnægja kröfum laga:

- » Áhættustýring og fjárstýring, t.d. gerð lánshæfis- og greiðslumats, mats á eiginfjárhlutfalli bankans og vegna tryggingaááhættu.
- » Áreiðanleikakönnun einstaklinga á grundvelli laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
- » Greining og rannsókn á málum er varða peningabætti, fjármögnun hryðjuverka, fjársvik og annars konar refsiverðrar háttsemi.
- » Varðveisla tiltekinna persónuupplýsinga á grundvelli laga um ársreikninga, laga um bókhald og laga um verðbréfa- viðskipti.

### Vinnsla sem byggir á lögmætum hagsmunum

Í ákveðnum tilvikum vinnur bankinn persónuupplýsingar á grundvelli lögmætra hagsmuna ef vinnslan er nauðsynleg til þess að bankinn, þriðji aðili eða aðilar sem upplýsingum er miðlað til, geti gætt lögmætra hagsmuna sinna. Slík vinnsla fer ekki fram ef ljóst er að grundvallarréttindi og frelsi einstaklings sem krefjast persónuverndar vega þyngra en aðrir hagsmunir af vinnslunni.

Dæmi um vinnslu sem fer fram í þeim tilgangi að gæta lögmætra hagsmuna bankans, einstaklings eða þriðja aðila:

- » Að útbúa og senda einstaklingi beint markaðssetningarefni um fríðindi, vörur og þjónustu bankans sem henta honum.
- » Að greina og rannsaka mál er varða net- og upplýsingaöryggi og til að koma í veg fyrir fjársvik.
- » Að þróa og prófa nýja verkferla, viðskiptaferla og upplýsingakerfi bankans til að bæta öryggi og vöru- og þjónustuframboð bankans.
- » Að vinna upplýsingar um lögaðila, eigendur, stjórn lögaðila, framkvæmdastjórn, prókúruumboð og tengiliði þeirra svo bankinn geti tekið upplýsta ákvörðun um fyrirgreiðslu, tryggingar og ábyrgðir.

## Vinnsla sem byggir á samþykki

Í ákveðnum tilvikum vinnur bankinn persónuupplýsingar um einstakling á grundvelli samþykkis hans, t.d. með vefkökum á vefsíðum bankans, eins og nánari er lýst í stefnu þessari. Í þeim tilvikum veitir bankinn einstaklingi nánari upplýsingar um þá tilteknu vinnslu persónuupplýsinga sem samþykkið nær til. Ávallt er unnt að tilkynna bankanum um að draga veitt samþykki til baka og er þá þeirri vinnslu sem samþykkið nær til hætt. Afturköllun samþykkis hefur ekki áhrif á vinnslu persónuupplýsinga fram að afturkölluninni.

## Sjálfvirk ákvarðanataka

Í ákveðnum tilvikum tekur bankinn sjálfvirka ákvörðun um þjónustu á grundvelli persónusniðs einstaklings sem unnið er upp úr upplýsingum bankans um hann. Sjálfvirk ákvarðanataka fer einungis fram á grundvelli samþykkis einstaklings, ef hún er forsenda þess að unnt sé að gera eða framkvæma samning milli einstaklings og bankans eða ef lög heimila. Einstaklingur getur komið á framfæri athugasemdum eða véfengt sjálfvirka ákvörðun hafi hún áhrif á hagsmuni viðkomandi.

Dæmi um gerð persónusniðs er útreikningur lánsþæfismats, lánsþæfiseinkunnar viðskiptavina og vildarflokkun.

Dæmi um sjálfvirka ákvörðun er sjálfvirk framlenging yfirdráttarheimildar sem tekur mið af lánsþæfismati viðskiptavinar. Nánari upplýsingar um gerð persónusniðs má finna í Almennum viðskiptaskilmálum Landsbankans.

Frekari upplýsingar um gerð lánsþæfismats má finna á vefsíðu bankans.

## Vinnsla persónuupplýsinga um ólöggráða barn

Bankanum er nauðsynlegt að vinna persónuupplýsingar um barn í þeim tilgangi að framkvæma viðskipti eða veita þjónustu sem óskað hefur verið eftir, t.d. vegna stofnunar greiðslureiknings. Markaðsefni er ekki beint til barns en bankinn sendir markaðsefni til kynningar á vöru- og þjónustuframboði til forráðamanna. Kjósi forráðamenn að fá ekki sent markaðsefni fyrir hönd barns er unnt að afþakka það í netbanka. Áður en bankinn býður barni rafræna þjónustu yfir netið sem felur í sér vinnslu persónuupplýsinga er samþykkis forráðamanns aflað ef barn er undir 13 ára aldri í samræmi við persónuverndarlög.

## III. Hljóðritun símtala og rafræn vöktun

Rafræn vöktun fer fram með eftirlitsmyndavélum á starfsstöðvum og við hraðbanka bankans. Öll notkun eftirlitsmynda véla er í samræmi við ákvæði persónuverndarlaga og reglna settra samkvæmt þeim.

Símtöl milli einstaklings og starfsmanns bankans kunna að vera hljóðrituð í samræmi við ákvæði fjarskiptalaga eða annarra laga. Hljóðritun símtala fer fram í þeim tilgangi að tryggja öryggi og rekjanleika í viðskiptum. Tilkynnt er um hljóðritun við upphaf símtals. Bankinn ábyrgist ekki að öll símtöl séu hljóðrituð.

Hljóðrituð símtöl og símtalaskrár eru ekki varðveittar lengur en í 90 daga nema lög kveði á um annað.

## IV. Afhending persónuupplýsinga til þriðju aðila

Landsbankinn selur ekki persónuupplýsingar til þriðju aðila. Bankanum kann að vera nauðsynlegt að afhenda persónuupplýsingar til þriðju aðila, t.d. eftirlitsaðila, annarra stjórnvalda, fyrirtækja sem annast greiðslumiðlun, annarra lögaðila sem bankinn á í viðskipta- eða ráðgjafarsambandi við. Bankinn afhendir ekki persónuupplýsingar nema slík miðlun sé heimil samkvæmt lögum. Einnig fela greiðslur í erlendum gjaldmiðli í sér að tilteknum upplýsingum um greiðsluna, tilgang hennar og greiðanda er miðlað áfram til erlendra viðskiptabanka til uppgjors í samræmi við lög þar um.

Vinnsluaðilar, sem vinna persónuupplýsingar á vegum bankans, kunna einnig að fá afhentar persónuupplýsingar vegna framkvæmdar tiltekinnar vinnslu fyrir hönd bankans. Einungis er leitað til vinnsluaðila sem geta veitt nægilegar tryggingar fyrir því að vinnsla persónuupplýsinga og réttindi viðskiptavinar uppfylli þær kröfur sem persónuverndarlög gera.

Meðal aðila sem bankinn afhendir persónuupplýsingar til eru fjárhagsupplýsingastofur í tilviki vanskila, upplýsingatæknifyrirtæki vegna reksturs- og hýsingar upplýsingakerfa, innheimtufyrirtæki, korta- og greiðslumiðunarfyrirtæki vegna framkvæmdar viðskipta ásamt ýmsum vörsluaðilum fjármálagerninga eins og nánar er lýst í skilmálum fyrir verðbréfaþjónustu.

## V. Varðveislutími persónuupplýsinga

Persónuupplýsingar eru varðveittar á meðan viðskiptasamband einstaklings og bankans er í gildi, eins lengi og lög kveða á um eða lögmætir hagsmunir og reglur bankans krefjast og málefnaleg ástæða gefur tilefni til.

Málefnaleg ástæða er til staðar ef enn er unnið með upplýsingarnar í samræmi við upphaflegan tilgang með sófnun þeirra eða vegna viðskiptalegra hagsmuna bankans, t.d. til þess að afmarka, setja fram og verja kröfur bankans.

Bankinn leitast við að varðveita ekki upplýsingar á persónugreinanlegu formi lengur en nauðsynlegt er. Af framan- greindu leiðir að mismunandi varðveislutími getur átt við eftir tegund og eðli persónuupplýsinga.

Landsbankinn heyrir undir lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014, lög um bókhald nr. 145/1994 og lög um verð- bréfavíðskipti nr. 108/2007 og ber að varðveita upplýsingar og gögn í samræmi við ákvæði þeirra laga auk annarra laga sem um starfsemina gilda og kveða sérstaklega á um varðveislutíma upplýsinga. Afrit af persónuskilríkjum, opinberum gögnum og öðrum upplýsingum um einstaklings sem safnað er á grundvelli laga nr. 64/2006, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka eru varðveitt a.m.k. fimm ár frá því að einstökum við- skiptum eða varanlegu viðskiptasambandi lýkur.

## VI. Réttindi einstaklinga

Persónuverndarlög kveða á um réttindi einstaklinga, m.a. til fræðslu og upplýsinga um hvernig persónuupplýsingar eru unnar. Nauðsynlegt er fyrir einstaklinga að sanna á sér deili þegar þeir óska eftir að neyta réttinda sinna. Eftirtalin rétt- inda geta verið háð takmörkunum sem leiða m.a. af lögum, hagsmunum annarra sem upplýsingarnar varða eða mikil- vægum fjárhags- eða viðskiptahagsmunum bankans, t.d. um viðskiptaleyndarmál eða hugverkaréttindi.

### Réttur til þess að fá aðgang að eigin persónuupplýsingum

Einstaklingur á rétt á staðfestingu frá bankanum um það hvort unnið sé með persónuupplýsingar um sig og ef svo er til aðgangs að þeim persónuupplýsingum. Þá á hann jafnframt rétt á upplýsingum um tilgang vinnslu persónuupplýsinga, flokka persónuupplýsinga, viðtakendur þeirra, viðmið um varðveislutíma, réttindi sem hann hefur, hvort fram fari sjálf- virk ákvarðanatataka og heimild hans til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd.

### Réttur til þess að flytja persónuupplýsingar

Einstaklingur á rétt á að fá tiltekna persónuupplýsingar um sig, sem hann hefur sjálfur látið bankanum í té, á skipulegu, algengu tölvulesanlegu sniði, og eftir atvikum rétt á að bankinn flytji slíkar upplýsingar til annars ábyrgðaraðila sem einstaklingur vísar á ef það er tæknilega framkvæmanlegt. Einungis er um að ræða persónuupplýsingar sem bankinn hefur aflað á grundvelli samþykkis einstaklings eða vegna framkvæmdar samnings og eru unnar með sjálfvirkum hætti.

### Réttur til leiðréttingar og eyðingar persónuupplýsinga

Bankinn leggur ríka áherslu á að persónuupplýsingar um séu áreiðanlegar og réttar. Einstaklingur sem óskar eftir að koma á framfæri upplýsingum um breytt heimilisfang, dvalarstað, pósthólf eða aðrar persónuupplýsingar er bent á að koma þeim á framfæri við bankann með stillingum í netbanka, með tölvupósti eða í næsta útibúi bankans, í samræmi við leiðbeiningar bankans.

Einstaklingur á rétt á að óáreiðanlegar persónuupplýsingar um sig leiðréttar. Í ákveðnum tilvikum á hann einnig rétt á að persónuupplýsingum um hann sé eytt.

### Réttur til að andmæla eða takmarka vinnslu persónuupplýsinga

Einstaklingur getur ávallt andmælt vinnslu persónuupplýsinga, þ.m.t. gerð persónusniðs, sem fer fram í þágu beinnar markaðssetningar og afþakkað kynningarefni um fríðindi, vörur og þjónustu bankans í netbanka. Í kjölfar slíkra andmæla mun bankinn hvorki vinna persónuupplýsingar í þeim tilgangi frekar né senda viðkomandi beinan markpóst.

Einstaklingur getur einnig andmælt vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram á grundvelli lögmætra hagsmuna vegna sérstakra aðstæðna er varða hann. Í kjölfar slíkra andmæla mun bankinn ekki vinna persónuupplýsingar frekar nema lagaskilyrði til þess séu til staðar.

Þá getur einstaklingur í ákveðnum tilvikum farið fram á að vinnsla persónuupplýsinga um sig sé takmörkuð tímabundið, t.d. ef hann telur að persónuupplýsingar sem bankinn vinnur séu ekki réttar, ef hann telur bankann ekki hafa heimild til vinnslunnar eða að bankinn þurfi ekki lengur á persónuupplýsingunum að halda.

## Tímamörk afgreiðslu og gjaldtaka

Bankinn verður almennt við beiðnum er varða ofangreind réttindi einstaklinga þeim að kostnaðarlausu. Engu að síður áskilur bankinn sér rétt til þess að innheimta gjald í samræmi við verðskrá bankans ef farið er fram á afhendingu fleiri en eins afrits af persónuupplýsingum. Þá áskilur bankinn sér rétt til að neita að verða við beiðni sem er augljóslega til-efnislaus eða óhófleg.

Nánari upplýsingar um réttindi einstaklinga og beiðnir um aðgang er að finna í réttindagátt á vefsíðu bankans.

## VII. Öryggi og eftirlit

Bankinn leggur ríka áherslu á öryggi við vinnslu persónuupplýsinga. Bankinn hefur innleitt skipulagslegar og tækni-  
legar öryggisráðstafanir í samræmi við Öryggisstefnu bankans og upplýsingaöryggisstaðal ÍST ISO/IEC 27001:2013 sem er grundvöllur skipulags og viðhaldsaðgerða sem standa vörð um trúnað, réttleika og tiltækileika gagna og upplýsinga-kerfa.

Bankinn stuðlar að virkri öryggisvitund starfsmanna, þjónustu- og samstarfsaðila og viðskiptavina. Þagnarskylda hvílir samkvæmt lögum á öllum starfsmönnum, og öðrum sem koma að vinnslu persónuupplýsinga fyrir hönd bankans, um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar viðskipta- og einkamálefni viðskiptavina og annarra sem bankinn vinnur persónuupplýsingar um.

Komi upp öryggisbrestur við meðferð persónuupplýsinga þar sem staðfest er eða grunur leikur á um að persónuupplýsingar hafi komist í hendur óviðkomandi aðila er Persónuvernd og eftir atvikum einstaklingum tilkynnt um öryggisbrest nema hann hafi ekki í för með sér mikla áhættu fyrir einstaklinga.

## VIII. Samskipti við bankann og við Persónuvernd

Landsbankinn hf., Austurstræti 11, 155 Reykjavík, kt. 471008-0280 ber ábyrgð á vinnslu og meðferð persónuupplýsinga sem unnið er með í starfsemi bankans og telst því ábyrgðaraðili að vinnslunni samkvæmt lögum um persónuvernd.

Persónuverndarfulltrúi Landsbankans hefur eftirlit með því að farið sé að gildandi lögum og reglum um persónuvernd í starfsemi bankans. Fyrirspurnum, athugasemdum og ábendingum sem varða persónuupplýsingar og persónuvernd er unnt að beina á netfangið [personuvernd@landsbankinn.is](mailto:personuvernd@landsbankinn.is) eða með því að senda bréfaþóst til: Persónuverndarfulltrúi Landsbankans, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, Ísland.

Komi upp ágreiningur um meðferð persónuupplýsinga er unnt að senda kvörtun til Persónuverndar með því að senda tölvuþóst á netfangið: [postur@personuvernd.is](mailto:postur@personuvernd.is) eða með því að senda bréfaþóst til: Persónuvernd, Rauðarárstígur 10, 105 Reykjavík, Ísland.

## IX. Breytingar á Persónuverndarstefnu Landsbankans

Landsbankinn er ávallt að leita leiða til að auka öryggi í viðskiptum, bæta og þróa vöru- og þjónustuframboð sitt og kann Persónuverndarstefna bankans að taka breytingum af þeim sökum. Breytingar á stefnunni öðlast gildi við birtingu uppfærðrar stefnu á vefsíðu bankans, [landsbankinn.is](http://landsbankinn.is).

Fyrst samþykkt 15. júní 2018